

Nýráðningar hjá flugfélögunum þessa dagana:

## Er flugmannaskortur í vændum?



Því hefur verið haldið fram í mörg ár að flugmannaskortur sé í vændum ef fram heldur sem horfir í aukningu flugferða um heim allan. Það hefur þótt misjafnlega trúverðugt en þó má segja að merki þess séu á lofti um þessar mundir.

Þessa dagana standa yfir flugmannaráðningar flugfélaganna fyrir næstu sumarvertíð. Ráðningarnar eru að færast fyrir á árið þar sem hóparnir eru að stækka og lengri tíma tekur fyrir þjálfunarveildir félaganna að ljúka þjálfunum á þessum flugmönnum fyrir voríð.

Icelandair er búíð að ráða 35 flugmenn þegar þetta er ritað og von er á

frekari ráðningum hjá þeim á næstu dögum. Eins er flugfélagið Wow einnig búíð að ráða einhverja einstaklinga en ekki hefur fengist staðfest hversu marga en auglýsing þeirra tók fram að til staði að ráða 50 flugmenn.

Hraða þurfti ráðningarferlinu hjá Icelandair en auglýst voru fleiri en eitt ráðningartímabil, en þó er ráðningarferlinu ekki lokið og enn hægt að skila inn umsókn til félagsins eins og auglýst var.

Samkvæmt heimildum blaðamanns þá voru ríflega eitt hundrað umsóknir hjá Icelandair sem uppfylltu skilyrði auglýsingar félagsins og er það sögulegt

lágmark, sérstaklega ef horft er á að líkindi þeirra sem sækja um eru að nálgast 50% að vera ráðinn.

Einhverjir þeirra sem hafa fengið boð um starf hjá félögunum hafa fengið boð hjá báðum félögum og eru í þeirri skemmtilegu stöðu að geta valið um hvort starfið hentar frekar.

Þetta hlýtur að þýða að flugskólarnir verða að fara að herða sig í að útskrifa fleiri flugmenn á næstu misserum ef fram heldur sem horfir, öðrum kosti verða flugfélögin að fara að leita út fyrir landssteinana eftir flugmönnum en það mun flækja þjálfun og að breyta þurfi öllu ferlinu yfir á annað tungumál.

Mikið um að vera í Grjótnesi:

# IFALPA Security Committee á Íslandi

Security nefnd IFALPA, Alþjóða-sambandi flugmannafélaga, sem er ein af 12 fastanefndum Alþjóða flugmannasambandsins hélt fund á Íslandi dagana 14. til 16. september. Nefndir IFALPA halda yfirleitt 2-3 fundi yfir árið þar sem vinna í tilteknum mála-flokkum fer fram. Þessi vinna er síðan kynnt og breytingar á stefnu sambandsins er staðfest á aðalfundi sem haldinn er einu sinni á ári. Rúmlega 20 manns frá flugmannafélögum hvaðanæva úr heiminum koma til fundarins hér og er hann haldinn í sal FÍA Grjótnesi. Helstu umræðuefni fundarins núna voru m.a. Cyber Threats, Laser attacks og Flights into/over conflict zones.

Jóhannes Bjarni Guðmundsson, formaður alþjóðanefndar FÍA, hélt fyrirlestur á fundinum um bakgrunns-skóðanir og fór yfir þau mál sem upp hafa komið í þeim efnum hér á landi. Víðast hvar virðist hafa verið friður um þau málefni en það virðist ráðast



Það var myndarlegur hópur hvaðanæva að úr heiminum sem var saman kominn í Grjótnesi á þriðja daga fundi, 14. til 16. september síðstliðinn.

mikið af þeim einstaklingum sem hafa með málefnið að gera hjá ríkislögreglu-stjóraembætti hvers lands hvort farið

er í málin af slíkri sanngirni að friður sé um.

## Fréttabréf FÍA

### Ritstjórn

Kjartan Jónsson  
kj@fia.is

### Umbrot

Kjartan Jónsson  
kjartan@dot.is

### Myndir

airliners.net  
Baldur Sveinsson  
Mats Wibe Lund - myndasafn.is  
Shutterstock

### Útgefandi

Félag íslenskra  
atvinnuflugmanna

September 2015

Fréttabréf FÍA er vettvangur félagsmanna og stjórnar til að miðla upplýsingum og fróðleik til flugmanna. Skóðanir einstakra greinarhöfunda endurspeglar ekki endilega opinbera afstöðu FÍA til einstakra málefna.

Öll notkun efnis úr Fréttabréfi FÍA er heimil gegn því að heimilda sé getið.

## Sjúkrasjóður FÍA:

# Breyting á desembergreiðslu Sjúkrasjóðsins

Ákveðið hefur verið að breyta desembergreiðslu sjúkrasjóðsins með þeim hætti að hún verður ekki greidd í desember þetta ár, heldur er greiðslan færð yfir á marsmánuð. Ástæða breytingarinnar er til að dreifa vinnuálagi við uppgjör hjá starfsfólki skrifstofu FÍA betur yfir árið en vinnan kæmi þá í kjölfar þess að ársreikningar FÍA eru kláraðir fyrir aðalfund.

Rétt þótti að tilkynna þetta strax hér í fréttabréfinu til að menn væru ekki að treysta á þessa greiðslu í desember sem hefur verið reglubundin í mörg ár.



# Frá Starfsmenntasjóði FÍA:

## Virkjum Grjótnesið

Nú í haust mun SFÍA í samstarfi við aðrar nefndir og ráð innan FÍA athuga með starfstengda fyrirlestra og námskeið í vetur. Er sú vinna skammt á veg kominn, vonandi að við sjáum eitthvað fróðlegt og skemmtilegt efni koma út úr því.

Eins langar okkur í SFÍA að heyra frá ykkur félagsmönnum hvort það séu einhverjir ákveðnir fyrirlestrar, fyrirlesarar og eða efni sem ykkur langar til að fræðast um. Efnisval þarf ekki endilega að vera starfstengt fluginu, þar sem við eigum svo mörg önnur áhugamál verður allt skoðað með opnum hug. Einn slíkur fyrirlestur var haldin nú í vor um stöðu kvenna í flugi eftir ábendingu frá félagsmanni FÍA, gerður var góður rómur að þeirri samkomu.

Félagsmenn eru því hvattir til að senda okkur ábendingar á pósthfangið [starfsmenntasjodur@fia.is](mailto:starfsmenntasjodur@fia.is)

Við eigum þessa frábæru aðstöðu hérna í Hlíðasmáranum sem rakið er að nota.

### Hvernig væri að skella sér í nám eða á námskeið í vetur?

Nú þegar haustar eru gjarnan í boði hin ýmsu námskeið um nær allt milli himins og jarðar, reyndar á þetta við um nær allt árið en er meira áberandi á haustin. Erú félagsmenn hvattir til að bæta við þekkingu sína og hæfni á öllum sviðum og við munum styrkja ykkur til góðra verka. Ef þú ert eða hefur verið í námi eða á námskeiði er hugsanlegt að þú gætir einnig sótt um styrk til Starfsmenntasjóðs FÍA.

Á síðasta aðalfundi var gerð sú breyting á úthlutunarreglum að heimilt er að styrkja námskeið sem flokkast sem áhugamál, en slíkt var ekki heimilt áður.

Félagsmenn eru þó hvattir til að kynna sér úthlutunarreglur Starfsmenntasjóðs FÍA sem finna má á heimasíðu SFÍA.

Mikilvægt er að fylla rétt út umsókn á heimasíðu [fia.is](http://fia.is) <http://fia.is/starfsmenntasjodur/umsokn> eða á pappírformi sem hægt er að fá á skrifstofu FÍA ásamt viðeigandi gögnum til að umsóknin sé tekin til afgreiðslu.

Starfsmenntasjóður FÍA er ein af þeim mörgu góðu stöðum sem við höfum aðgang að innan FÍA. Það er síðan hvers og eins félagsmanns að bera sig eftir þeirri aðstöð sem sjóðurinn býður upp á. Er það klárlega hagur okkur allra að virkja þennan sjóð sem best og að sem flestir félagsmenn njóti góðs af honum.

Góðar stundir.

Fyrir hönd SFÍA  
Egill Sigurðsson  
Jóhann Ingi Sigtryggsson  
Sigrún Bender


## FÍA appið:

# Uppfærsla í vændum

FÍA appið er nú í uppfærsluferli en eftir síðustu uppfærslu komu í ljós hnökrar sem laga þurfti auk þess sem nýir möguleikar bætast við. Nú verður hægt að „merkja allt lesið“ sem hefur vantað og verið frekar til óþæginda ef menn þurfa að setja appið upp aftur, t.d. á nýjum síma og allt er merkt ólesið. Þá er hægt að fara í nánari upplýsingar um alla sem eru í almennum nefndum og þá eru lagfæringar á atriðum eins og stafrófs- og starfsaldurröðun í símaskrá. Þessi uppfærsla ætti að vera komin í AppStore og PlayStore fyrir mándamót.

Nú er einnig hafin vinna við að bæta tilkynningahluta appsins til muna og þess er að vænta í næstu uppfærslu (ekki þessari).

Við minnum félagsmenn á að senda inn ábendingar eða hugmyndir í gegnum appið eða á netfangið [fiamobile@fia.is](mailto:fiamobile@fia.is)



## Skýjaborgir:

# Vetrarúthlutun



Vetrarúthlutun orlofshúsa hjá Skýjaborgum hefur farið ágætlega af stað en þó er hægt að greina hægara upphaf en fyrri ár. Það gæti helgast af því að einhverjir hugsu sér að bíða eftir nýja húsinu á Akureyri sem væntanlegt er í leigu eftir áramót.

Við hvetjum þá sem áhuga hafa að skella sér inn á orlofsvefinn og skoða lausar vikur, það eru tímabil dreifð yfir vetrinum sem eru laus ennþá.

Sameiginlegur skilningur ekki náðst:

# FÍA stefnir Icelandair fyrir félagsdóm vegna tveggja ágreiningsmála

FÍA hefur nú stefnt Icelandair fyrir félagsdóm vegna tveggja ágreiningsmála er varða kjarasamning aðila.

Málin varða annars túlkun á bókun í kjarasamningi þar sem segir:

*B 13 Mat á starfsreynslu*

*Flugmaður sem ráðinn er til starfa hjá Icelandair ebf með reynslu af sambærilegu starfi sem flugmaður hjá öðrum flugrekanda fær starfsreynslu sína metna til launa allt að tveimur launaflokkum.*

Icelandair hefur kosið að meta enga starfsreynslu hjá nýráðnum flugmönnum eftir að um þetta var samið árið 2010.

Hitt málið sem deilt er um er tilkomið vegna ítrekaðra uppsagna hjá mörgum flugmönnum síðustu árin og er félagið ekki að veita þessum flugmönnum starfsaldurshækkun frá fyrsta ráðningardegi eins og kveðið er á um í launakafla kjarasamningsins, heldur bendir á ákvæði í öðrum köflum

samningsins og blandar þeim saman við ákvæði launakaflans sem FÍA sættir sig ekki við og óskar eftir að fá úr skorið hjá dómnum.

Fyrsta þinghald vegna stefnunnar var þann 9. september þar sem stefndi lagði fram greinargerð. Milliþinghald er áætlað þann 27. september og aðalmeðferð vonandi ákvörðuð í október í kjölfarið.

Reynt hefur verið til þrautar að leysa þessi mál utan réttar en án árangurs.

Frá Öryggisnefnd FÍA:

## ÖFÍA gerir athugasemdir við áhættumatsskýrslu ISAVIA varðandi Reykjavíkurlflugvöll

ÖFÍA hefur kynnt sér aðra útgáfu áhættumatsskýrslu Isavia, útg. 22. maí 2015, vegna hugsanlegrar lokunar á braut 06/24 á Reykjavíkurlflugvelli, en Samgöngustofa samþykkti áhættumatið 1. júní síðatliðinn. Áhættumatsskýrsla Isavia er unnin með hliðsjón af skýrslu verkfræðistofunnar EFLU frá nóvember 2014, „Mat á nothæfisstuðli Reykjavíkurlflugvallar samkvæmt viðmiði ICAO“. Skýrsla EFLU virðist eingöngu vera byggð á ICAO Viðauka 14. EFLA virðist ekki fylgja ítarlegri leiðbeiningum sem er að finna í Aerodrome Design Manual ICAO Doc. 9157 og Airport Planning Manual ICAO Doc. 9184. Ekki er reiknað með öllum þeim tæknilegu þáttum sem tilteknir eru af ICAO og niðurstaðan eðli málsins samkvæmt því röng. ÖFÍA telur því að skýrsla EFLU frá nóvember 2014 sé ónothæf. Einn alvarlegasti gallinn við skýrslu EFLU er sá að ekki er tekið tillit til hálfu og annara brautarskilyrða við útreikning á nothæfisstuðli.



Þann 9. september sendi ÖFÍA Innanríkisráðherra bréf þar sem farið var yfir athugasemdir nefndarinnar.

ÖFÍA ítrekar að nefndin gerir ekki athugasemdir við að kannaðir séu kostir á breyttu fyrirkomulagi flugbrauta á Reykjavíkurlflugvelli en það er grundvallaratriði að úrvinnsla sem varðar flugöryggismál sé unnin með lögmatum og óvæfengjanlegum hætti.

Það hlýtur að vera augljóst að flugöryggi sem hefur þróast við notkun flugvallar með þremur flugbrautum skerðist við það að einni flugbrautinni sé lokað, án þess að aðrar ráðstafanir séu gerðar til að viðhalda óskertu flugöryggi á Reykjavíkurlflugvelli. Þetta er staðreynd sem er óháð útreikningum um nothæfisstuðla.